



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/767
komudagur 1.2.2007


Reykjavík, 30.01.2007
Tilv. 20.12
GG/rj

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á hafnalögum.

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. janúar s.l. varðandi ofangreint. Stjórn Faxaflóahafna sf. telur fyrirbyggjandi frumvarp nauðsynlega úrbót á hafnalögum sem samþykkt voru árið 2003. Við meðferð frumvarpsins þá var gerður fyrirvari við framsetningu 17. greinar um heimildir hafna til innheimtu gjalda. Fyrirliggjandi frumvarp bætir verulega úr og er brýnt að sú breyting komist til framkvæmda.

Stjórn Faxaflóahafna sf. er sátt við þá viðbót sem kemur fram í 4. grein frumvarpsins og fjallar um 1. málsl. 2. málsgr. 20. greinar, að heimilt sé að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé. Í greinargerð er vísað til þess að átt sé við að arðsemiskrafa sé miðuð við meðaltal arðsemiskrafna lífeyrissjóða í landinu, nú 3,5%. Stjórn Faxaflóahafna sf. telur þessa skýringu greinargerðarinnar of þrönga þar sem eðlilegt sé að ávöxtun á fjárfestingum í hafnarmannvirkjum eigi að taka mið af almennum fjárfestingum. Því er stjórn Faxaflóahafna sammála breytingartillögu lagafrumvarpsins varðandi þetta efni en gerir skýran fyrirvara um túlkun þess í greinargerð.

Þá vill stjórn Faxaflóahafna sf. koma þeirri tillögu á framfæri við samgöngunefnd Alþingis að í 21. grein hafnalaga verð skotið inn litlu ákvæði um að höfnum sé heimilt að óska eftir nauðungarsölu skips vegna vanskila á skipagjöldum án undanfarandi dóms, sáttar eða lögtaks. Í 21. grein hafnalaga eru skipagjöld tryggð með lögveðsrétti en uppboðsheimildina vantar. Rökin fyrir því ákvæði eru að höfnum hefur víða gengið erfiðlega að hefja innheimtuaðgerðir gagnvart óreiðuskipum og bátum sem ýmist eru án skráningar eða skráð erlendis. Erfitt hefur reynst að birta fyrir meintum eigendum nauðsynleg skjöl til að hefja innheimtuaðgerðir, en á meðan liggja óreiðuskipin í höfnum án þess að af þeim sé greitt. Bein uppboðsheimild myndi auðvelda höfnum að hefja innheimtu- og uppboðsferil skipa sem misnota aðstöðu í höfnum með þessum hætti og gefa hafnarstjórnnum betra færi á að koma bátum og skipum til förgunar sem annars eru almennur umhverfissóðaskapur auk þess að geta skapað raunverulega hætti í höfnum. Með vísan til framangreinds er því lagt til að í 21. grein hafnalaga bætist eftirfarandi ákvæði: "Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vangreiddra skipagjalda án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms." Umrætt ákvæði er að mati stjórnar Faxaflóahafna sf. mikilvæg viðbót við hafnalög.

Virðingarfyllt,

Gísli Gíslason, hafnarstjóri.